

395. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 9. október 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Auður Kjartansdóttir
Júníana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru BHH
Lilja Hrund Jóhannsdóttir í fjarveru JBJ
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Patryk Zolobow
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Sérstaklega bauð hún Lilju Hrund velkomna á sinn fyrsta bæjarstjórnarfund. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1) Fræðslunefnd Snæfellsbæjar.

Á fundinn mættu Sigrún Erla, Dagbjört Dúna og Jón Kristinn frá fræðslunefnd Snæfellsbæjar og Gunnþór Eyþór Gunnþórsson frá Ásgarði, skólaráðgjöf, til að fara yfir menntastefnu Snæfellsbæjar og starfsáætlun fræðslunefndar.

Að umræðum loknum var þeim þökkud koman og véku þau af fundi.

2) Fundargerðir menningarnefndar, dags. 11. september og 28. október 2025.

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

3) Fundargerð 196. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. október 2025.

Varðandi 12. lið, þá óskar nefndin eftir afstöðu bæjarstjórnar varðandi framtíð og notkun svæðanna F-1 og F-2 á Hellissandi.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að funda með umhverfis- og skipulagsnefnd í desember varðandi þetta mál.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4) Fundargerð rekstrarnefndar Klífs, dags. 21. október 2025.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5) Fundargerð 31. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 28. október 2025.

Lagt fram til kynningar.

6) Fundargerð 987. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. október 2025.

Lagt fram til kynningar.

7) Fundargerð 988. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. október 2025.

Lagt fram til kynningar.

8) Fundargerð 91. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 19. ágúst 2025.

Lagt fram til kynningar.

9) Fundargerð 84. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 27. ágúst 2025.

Lagt fram til kynningar.

10) Bréf frá Vegagerðinni, dags. 23. október 2025, varðandi tilkynningu um fyrirhugaða niðurfellingu Brimilsvallavegar af vegaskrá.

Bæjarstjóri sagði frá því að hann er búinn að senda bréf á Vegagerðina þar sem því er mótmælt að vegurinn verði felldur niður af vegaskrá þar sem hann þjónar bæði kirkju og kirkjugarði sem hvoru tveggja er ennþá í notkun.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AB", "JBJ", "AK", "W", "LH", and "18"]

11) Bréf frá UMF Vikings, dags. 3. nóvember 2025, varðandi ósk um leigu á íþróttahúsi Snæfellsbæjar fyrir konukvöld í mars 2026.

Bæjarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu erindisins og fela bæjarstjóra og bæjarritara að kanna möguleikana á öðrum stað fyrir samkomur sem þessa.

12) Bréf frá Þór Magnússyni og Ægi Þór Þórssyni, dags. 6. nóvember 2025, varðandi varmadælur á Gufuskála.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa þessu erindi til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2026.

13) Bréf frá ÖBÍ, dags. 9. október 2025, varðandi biðtíma eftir NPA þjónustu.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að svara fyrirspurninni.

14) Bréf frá EBÍ, dags. 27. október 2025, varðandi ágóðahlutagreiðslu 2025.

Lagt fram til kynningar.

15) Ráðning hafnarstjóra.

Forseti bæjarstjórnar fór yfir vinnu Hagvangs og ráðningarnefndar Snæfellsbæjar, en Hagvangur sá um umsóknarferlið og mat á umsækjendum. Tólf umsóknir bárust um starfið en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Mat Hagvangs byggði á innsendum umsóknargögnum, stöðluðum heðgunartengdum viðtölum og umsögnum meðmælenda. Farið var yfir reynslu umsækjenda m.t.t. þeirra hæfnisþátta sem tilgreindir voru í auglýsingu. Það var gert með því að fara ítarlega yfir ferilskrár og kynningarbréf og með viðtölum við þá fimm umsækjendur sem taldir voru uppfylla best þær hæfniskröfur sem settar voru fram í auglýsingu um starfið. Einn þeirra umsækjenda dró umsókn sína til baka áður en kom til viðtalsins.

Í framhaldi af mati Hagvangs boðaði ráðningarnefnd Snæfellsbæjar umsækjanda í viðtal.

Með ofangreind sjónarmið í huga var niðurstaða ráðningarnefndarinnar sú að gera þá tillögu til bæjarstjórnar að ráða Þórð Tryggva Stefánsson í starf hafnarstjóra Snæfellsbæjar.

Þórður Tryggvi er með háskólapróf í rekstrarfræðum frá Samvinnuháskólanum á Bifröst frá 1990. Hann hefur yfir þrjátíu ára reynslu af stjórnunar- og rekstrarstörfum, meðal annars sem skrifstofustjóri hjá Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur hf., framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Snæfellsness hf. og sem sjálfstæður atvinnurekandi með rekstur Söluskála ÖK. Þórður hefur einnig setið í hafnarnefnd Snæfellsbæjar og gegnt þar formennsku um tíma.

Þórður Tryggvi hefur fengist við daglegan rekstur, fjármál, bókhald, mannaforráð, innkaup, viðhald tækja og samskipti við fjölbreyttan hóp viðskiptavina og samstarfsaðila. Þá hefur hann víðtæka þekkingu á atvinnu- og hafnarmálum í Snæfellsbæ og hefur í störfum sínum sýnt frumkvæði, metnað og leiðtogaþæfni.

Bæjarstjórn samþykkti framlagða tillögu ráðningarnefndar samhljóða.

Snæfellsbær þakkar öllum umsækjendum kærlega fyrir þeirra áhuga og umsóknir og býður Þórð Tryggva Stefánsson velkominn til starfa sem hafnarstjóra.

16) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2026. Fyrri umræða.

Bæjarstjórn fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun 2026 og þær forsendur sem liggja að baki henni. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2026 til nánari vinnslu í bæjarráði og þaðan til seinni umræðu í bæjarstjórn þann 4. desember n.k.

Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að hittast á vinnufundum um fjárhagsáætlun, fyrst 27. nóvember kl. 16:00 og 2. desember kl. 16:00.

Bæjarráðsfundur verður haldinn miðvikudaginn 3. desember kl. 12:00

Handwritten notes and signatures:
 Au FS
 MSS
 SZ
 LHT
 KS

17) Minnispunktar bæjarstjóra.

- a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit 2025.
- b) Bæjarstjóri fór yfir aðsókn á salernisgámi á Arnarstapa.
- c) Bæjarstjóri fór yfir aðsókn á tjaldstæði Snæfellsbæjar sumarið 2025.
- d) Bæjarstjóri fór yfir þær framkvæmdir sem enn eru í gangi í sveitarfélaginu.
- e) Starfsmenn Áhaldahúss eru byrjaðir að setja upp jólaskeytingarnar.
- f) Bæjarstjóri sagði frá fundi með sóknarsamlaginu vegna líkhússins í Ólafsvík.
- g) Bæjarstjóri sagði frá sameiningarfundi með Grundfirðingum í síðustu viku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:47



Auður Kjartansdóttir


Jónína Björg Óttarsdóttir



Margrét Sif Sævarsdóttir



Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Fríða Sveinsdóttir


Lilja Hrund Jóhannsdóttir


Patryk Zolobow


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari